

## GJALDSKRÁ

### fyrir Skagafjarðarveitur, vatnsveita.

#### 1. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda. Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

#### 2. gr.

##### *Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Stofn til álagningar vatnsgjalds á lóðir og lönd skal vera fasteignamat. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati.

#### 3. gr.

##### *Hundraðshluti vatnsgjalds af fasteignamat.*

Af öllum fasteignum, sem gjaldskyldar eru, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,16% af álagningarstofni. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 44,94 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 53,67.

#### 4. gr.

##### *Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar ákveður fyrir fasteignagjald og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

#### 5. gr.

##### *Notkunargjald.*

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Notkunargjald skal innheimta samkvæmt rúmmetramæli sem Skagafjarðarveitur (SKV) leggja til og eru gjalddagar annan hvern mánuð. Notkunargjald skal vera 32,69 kr. pr. rúmmetra.

#### 6. gr.

##### *Mælaleiga.*

Mælaleiga skal vera eftirfarandi:

Vatnsmælar DN 40 og minni	33,35 kr. á dag
Vatnsmælar DN 50 til DN 80	66,82 kr. á dag
Vatnsmælar DN 100 til DN 150	133,63 kr. á dag

#### 7. gr.

##### *Heimæðar.*

Gjöld fyrir heimæðar miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað SKV við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (innaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af SKV.

Nr. 1365

17. desember 2020

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm
Heimæðar- gjald kr.:	158.822	194.668	248.581	310.168	387.688

Heimæðargjald fyrir inntök > 75 mm eru reiknuð út hjá SKV.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

8. gr.

*Verðlagning.*

Veitunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tekur ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 3. gr. í lok hvers árs, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta ár á eftir. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu 1. nóvember 2004, 303,9 stig og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí).

Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

9. gr.

*Gildistaka gjaldskrár.*

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 16. desember 2020, samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað, jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1060/2019.

*Sauðárkróki, 17. desember 2020.*

**Sigfús I. Sigfússon** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2020